

7. AÐALFUNDUR FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA 26. - 27. apríl 2018

ÁLYKTUN UM REKSTRARUMHVERFI FRAMHALDSSKÓLANNA

Sjöundi aðalfundur Félags framhaldsskólakennara haldinn 26.-27. apríl 2018 áréttar að reiknilíkan framhaldsskólanna verður að endurspegla raunverulegan rekstrarkostnað skólanna og taka tillit til frávika í rekstri eins og langtímaveikinda starfsfólks og óreglulegrar námsframvindu nemenda. Eins og rekstrarumhverfi framhaldsskólanna er nú, er ekki hægt að taka tillit til slíkra frávika án þess að rekstur skólanna komist í uppnám með tilheyrandi rýrnun gæða í skólastarfinu.